


Séð yfir búðarlautina. Þráinn leikstjóri, og Jónas Kristjánsson, handritshöfundur, tala saman yst til hægri. Jónas leikur vertinn í ölbúðinni.



Gissur Þorvaldsson og Jón Murtur — Hjalti Rögnvaldsson og Árni Blandon.

„EKKI SKRAUTSÝNING"

Fylgst með tilraunum til töku á Snorramyndinni í fyrradag

Þegar kvikmyndaleikstjórar koma fyrir í skáldsögum eða kvikmyndum, eru þeir oftast látnir vera hávaðasamir sérvitringar, skapæstir og kannski með örlitinn snert af mikilmennskukomplexum. Þeir reykja oftast mikið, og eiga í erfiðleikum með dynti stjörnunnar í myndinni. Eftir að hafa fylgst með upptökum, eða tilraunum í þá átt, á kvikmyndinni um líf Snorra Sturlusonar í tæpa dagstund, er auðvelt að skilja hvers vegna.

Ekki þannig að Þráinn Bertelsson, leikstjóri myndarinnar, sé eins og lýst er hér að framan. Þvert á móti. En á stundum er áreiðanlega pirrandi, svekkjandi og spælandi að standa í þessu. Jafn skemmtilegt og það er eflaust hinar stundirnar.

Þegar Helgarpósturinn kom á Þingvöll í fyrradag, nánar tiltekið í Hvannagjá, var búið að reisa þar ölbúð í lítilli laut, búið að slá upp tjaldi ekki langt frá. Húðum klædd grind, sem í fjarlægð lítur út eins og ölbúð var einnig í grenndinni. Við þessi mannvirki voru um 40 mannsleikarar í fornklæðum, tæknimenn í regngöllum, og ýmsar persónur sem þykja ómissandi við töku kvikmyndar.

Þarna átti að fara að taka nokkuð flókna útisenu, með mörgum leikurum, og allnokkurri „aksjón". Innitökum í myndinni er lokið, og þegar búið er að filma á Þingvöllum, verður beðið snjókomu — svo hægt verði að taka vetraratriði. Þá tekur tæknivinna Snorramyndarinnar við.

Atburðirnir sem þarna átti að mynda gerðust á alþingi, árið 1229. Þann dag slöppuðu menn af, eftir erfið störf á þinginu, og fengu sér í glas í blíðunni. Sumir reyndu með sér í hryggspennu, aðrir skemmtu sér við að hitta í mark með boga, og enn aðrir hafa eflaust verið sofandi í tjaldi sínu. En í lautinni framan við ölbúðina sátu meðal annarra Kolbeinn ungi, Sturla Sighvatsson, Órækja, Gissur Þorvaldsson og Jón Murtur. Kolbeinn hafði ekki löngu áður sagt dóttur Snorra upp, og hann og Sturla voru eitthvað að munnhöggvast, bæði innbyrðis, og einnig við hina þrjá. Þá sennu átti að mynda.

Kapparnir sátu andspænis hvor öðrum í lautinni og því þurfti að taka myndina tvisvar fyrst öðru megin frá, en síðan hinu megin.

Þegar allir voru komnir á sinn stað, og hlutirnir farnir að taka á sig dálitla mynd, fór að rigna. Þessir atburðir urðu hinsvegar að eiga sér stað í þurru. Menn sitja jú ekki úti náttúrunni og slappa af í mígandi rigningu. Eftir að hafa beðið vongóður um uppstyttu í nokkrar mínútur sagði Þráinn öllum að fara inní rútu, svo þeir blotnuðu ekki. Gera átti hlé í svona 20 mínútur, og bíða þess að stytti upp — en annars átti að taka atriðin í rigningu, og vona að hún sæist ekki.

Viti menn, eftir 20 mínútur stytti upp. Leikararnir voru drifnir útúr rútunni og settir á sinn stað. Þráinn gekk milli manna og leiðbeindi. Hver og einn, af þessum ca. tuttugu manna hóp varð að vita nákvæmlega hvað hann átti að gera. Jafnvel statistar þurfa sínar leiðbein-

➧

Þrenning að Kjarvalsstöðum

Í byrjun ágústmánaðar voru opnaðar þrjár sýningar að Kjarvalsstöðum. Í anddyri sýnir Nína Gautadóttir 14 textílverk unnin á undanförnum árum. Í Kjarvalssal (austursal), sýnir Sigfús Halldórsson hartnær 90 málverk og eru flestar myndirnar nýjar af nálinni, unnar með mismunandi tækni. Að lokum sýnir Sveinn Björnsson 85 verk í vestursal, ný og eldri, olíumálverk, pastelmyndir og fleira.

Sýningarnar þrjár eru algerlega sjálfstæðar og afar ólíkar. Þær eru því ágætt dæmi um þá fjölbreytni sem ávallt hefur einkennt íslenska myndlist.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Nína

Nína Gautadóttir hélt til Frakklands fyrir 10 árum og nam vefnað og höggmyndagerð við Listaháskólann í París. Þar hefur hún dvalist og starfað síðan. Verkin sem Nína sýnir, spanna um fimm ára tímabil og gefa góða mynd af tækni hennar.

Eldri verk Nínu eru fínlegri en þau nýrri. Þó er greinilegt að hverju stefnir. Í verkinu „Ullarlagður" frá 1975, notar Nína upphleypta ullarmassa sem hún fléttar um laust hringlaga form. Bakgrunnurinn er mjög fínlega ofinn og skapast því andstæður milli hans og hinna efniskenndu massa sem bylgjast um miðjan flötinn. Það gætir nokkurrar feimni í notkun þessara grófu forma, sem Nína yfirstígur fljótlega þegar hún kynnist efninu nánar.

Verkið „Ekki er allt gull sem glóir" frá 1977, sýnir hve mikla áherslu Nína leggur á meðferð efnisins. Öll hugsun um bakgrunn sem ramma um form, er horfin. Verkið verður sjálft form. Bakgrunnur og upphleyptur forgrunnur renna saman og vefarinn reynir að sprengja rammann með því að láta þræðina hanga niður úr myndinni. Hugmyndin er nátengd abstrakt-expressjónismanum, þar sem málarar leyfðu pensildráttunum að leika frjálst niður flötinn. Aðferðin ræður meiru en formið.


Í nýjustu verkunum er hávefnaður enn frekar áberandi. Nína notar grófan kaðalþráð sem hún vefur í stríðar lykkjur og brýtur upp með ofnum snúrum sem mynda mynstur og bakgrunnurinn gægist í gegn. Dýptin skipar háan sess. Efniskönnun er ríkjandi og sést best í „Umróti", verki gerðu á þessu ári. Þar eru koparflókar fléttaðir á þéttan koparvef, sem umlukinn er koparlögn. Í verki nr. 14 er lundanefjum skeytt saman við net og fylgir með texti, ásamt mynd af lunda. Hér nálgast Nína conseptúel vinnubrögð.

Styrkur þessarar sýningar er fólginn í skynjun Nínu á stærðum og víddum ásamt skilningi á efninu.

Sigfús

Sigfús Halldórsson þarf vart að kynna, svo þekktur er hann orðinn sem myndlistarmaður og lagasmiður. Sigfús fetaði sig inn á braut myndlistarinnar gegnum leiktjaldamálun sem hann nam í Oxford á Englandi, skömmu eftir lok Heimsstyrjaldarinnar. Frá námsárunum er til fjöldi götu- og húsamynda sem sýna glöggt hvert list hans stefndi. Þrátt fyrir margvísleg mótív, er uppistaðan í verkum hans hús og götulíf og verður það Sigfúsi ótæmandi yrkisefni. Hann sver sig því í ætt við frænda sinn Jón heitinn Helgason biskup, sem staðfræðilega festi Reykjavík á striga, um og eftir aldamótin.

Sýning Sigfúsar á Reykjavíkurmyndum gæti því fullt eins verið tileinkun Jóni til handa. Kjarninn eru 14 myndir úr Grjótaþorpinu, syrpa í eigu Reykjavíkurborgar. Út frá þessum kjarna spannar svo sýningin hin margbreytilegu




„Styrkur þessarar sýningar er fólgin í skynjun Nínu á stærðum og víddum ásamt skilningi á efninu."

sjónarhorn borgarinnar. Aðeins eitt verk sver sig úr ætt við þessar Reykjavíkurmyndir. Það er hið sérstæða portrett af Vilhjálmi frá Skáholti (84). Þó tengist þessi fallega pastelmynd sýningunni því það mun hafa verið Vilhjálmur sem hvatti Sigfús til að mála sem mest í Reykjavík.

Flestar myndirnar eru unnar í vatnsliti, sem henta ágætlega fínlegum stíl Sigfúsar. Hann beygir sig undir lögmál fyrirmyndarinnar og þær skorður sem hún setur honum. Glíman er við staðfræðilega útfærslu, hvernig ná má heild úr því sem fyrir augu ber. „Hótel Vík" (26) er gott dæmi um vinnubrögð Sigfúsar. Birta og blæbrigði setja svip sinn á þessi verk og notar listamaðurinn ýmsa tækni við slíka úttekt.

Það eru þessi blæbrigði sem færa myndunum lýrískt yfirbragð. Þegar þau tengjast einföldum fyrirmyndum, svo sem



„Kjarninn eru 14 myndir úr Grjótaþorpinu, syrpa í eigu Reykjavíkurborgar."

báti í fjöru, brúnleitum gafli eða bakgarði húss, öðlast verk Sigfúsar nýja dýpt og sterkari heild.

Sveinn

Sveinn Björnsson hefur gengið fram jafna og stígandi þróunarbraut, frá því hann tók að mála myndir undir lok fimmta áratugarins. Hin óbeislaða og kröftuga tækni verður æ persónulegri með hverri sýningu. Sveini lætur vel að mála stórt og gróft. Myndir hans eru expressjónískar fantasíur frá hafinu eða sveitum landsins. Í þeim blandast figúratív og abstrakt form í einni heild andstæðra lita.

Áhrifa gætir úr ýmsum áttum í verkum Sveins. Hann hefur numið þau og tileinkað sér og umbreytt í sinn eigin stíl. Rætur hans getur hann rakið til Júlíönu, Gunnlaugs Scheving, Chagalls og Soutines. Aðferðir Kobra-málaranna eru afgerandi í tækni Sveins, enda hélt hann árið 1956 til Kaupmannahafnar, á Akademíið, þar sem hann dvaldi í ár og teygaði í sig strauma listalífsins í borginni.

Það er áberandi hve Sveinn hefur verið trúr sinni persónulegu sköpun. Hann hefur aldrei hvikað frá markmiði sínu, eins og svo margir efnilegir málarar, sem lágu flatir fyrir nýrri stefnum og döguðu uppi sem náttþröll milli stíla. Þessi staðfesta ber nú ríkulegan ávöxt, sem sjá má í nýjustu myndum Sveins. „Myndir málarans II-III" (37 og 47) sýna vel aukið vald yfir myndfletinum og útfærslunni.

Með fjölda vaxlita-, túss- og pastelteikninga, nær Sveinn að sveigja hinn epíska stíl stóru málverkanna yfir í léttan og ljóðrænan farveg. Það er erfitt að benda á eina mynd annarri fremri, svo margbreytilegar eru þær.



„Það er áberandi hve Sveinn hefur verið trúr sinni persónulegu sköpun."

Það er undarlegt hve þessar náttúrulegu fantasíur Sveins hafa fengið lítinn hljómgrunn meðal Íslendinga. Kannski er tími þjóðsagnanna liðinn undir lok í okkar stífpússaða neysluþjóðfélagi. Það er af sem áður var, þegar Kjarval sýndi þjóðinni allt það líf huldufólks sem leyndist í íslenskri náttúru. Eitt er víst að það eru frændur okkar og fornir féndur, Danir, sem hafa betur skilið hvert Sveinn er að fara. Þar er hugmyndaflugið sennilega ekki alveg dottið upp fyrir. Eða sannast á Sveini hið fornkveðna, að enginn er spámaður í sínu föðurlandi.